

EFTIRLITSSKÝRSLA

Steinull hf.

Dagsetning	17. nóvember 2011	Fulltrúi UST	Ólafur Kristinn Tryggvason og
Fyrirtæki	Steinull hf.	Starfsleyfi, gildir til	1. maí 2024
Heimilisfang	Skarðseyri 5, 550 Sauðárkrókur	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	590183-0249	Fulltrúar fyrirtækis	Einar Einarsson og Guðmundur Örn Guðmundsson
Isat nr.	26.82.1	Staðsetning starfstöðvar (hnit)	N 65.45.620, V19.39.131 24 m.h.
Starfsemi	Steinullarframleiðsla		

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik frá starfsleyfi, lögum né reglugerðum komu í ljós í eftirlitinu og engar athugasemdir voru gerðar í eftirlitinu.

UMFANG EFTIRLITS

Byrjað var á því að funda með fulltrúum fyrirtækisins. Á fundinum var farið yfir skil á gögnum samkvæmt ákvæðum í starfsleyfi. Öllum gögnum sem fyrirtækinu ber að skila til Umhverfisstofnunar hafði verið skilað inn á réttum tíma og mælingar eru innan marka. Einnig var farið yfir niðurstöður síðustu eftirlitsskýrslu, þar sem ekki komu fram frávik né athugasemdir, og ákvæði í starfsleyfi.

Farið var yfir stöðu úrgangsmála þar sem jarðgerðarstöðin er gjaldþrota og fer því allur úrgangur sem þangað fór á urðunarstaði bæjarfélagsins.

FRÁVIKⁱ OG ATHUGASEMDIRⁱⁱ

Frávik: Engin frávik frá starfsleyfi, lögum né reglugerðum komu í ljós í eftirlitinu.

Athugasemd: Engar athugasemdir voru gerðar í eftirlitinu.

Önnur atriði:

Fyrirtækið stefnir að ISO 14001 vottun á miðju næsta ári .

Framleiðsla fyrirtækisins hefur dregist saman og er áætlað að hún verði aðeins um 5.000 tonn á þessu ári að meðtalinni lausull. Fyrirtækið hefur sótt um til Umhverfisstofnunar fækkun eftirlits í samræmi við 12. gr. reglugerðar nr. 786/1999, um mengunareftirlit. Með tilvísun til þess að starfsemi fyrirtækisins hefur farið fram í samræmi við starfsleyfi, lög og reglugerðir og án athugasemda frá 2008 hefur Umhverfisstofnun samþykkt beiðnina og ákveðið að dregið verði úr reglubundnu eftirliti frá og með 1. janúar 2012. Farið verður í eitt eftirlit á ári og eftirlitsgjöld fyrirtækisins verða lækkuð úr 1. flokki í 2. flokk skv. gjaldskrá.

Reykjavík, 14/12/2011

Ólafur Kristinn Tryggvason

ⁱ **Frávik:** Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

ⁱⁱ **Athugasemd:** Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.